

Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks

Birgir Guðmundsson, dósent, Háskólanum á Akureyri

Utdrattur

Almennt er viðurkennt að fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sé grundvallaratriði í lýðræðislegri umræðu. Sífellt háværingar hafa þær raddir þó orðið á umliðnum árum sem lýst hafa yfir áhyggjum af því að umræðan í fjölmiðlum hafi verið gengisfelld og meira sé orðið um skemmtun og afþreyingu en þau atriði sem máli skipti fyrir lýðræðið. Þessi þróun hefur verið kölluð „tabloidization“ eða götublaðavæðing. Meðal fræðimanna hefur Colin Sparks (2000) einkum mótað umræðuna með greiningarramma sínum um stöðu blaða á opinberum umræðuvettvangi. Fáar tilraunir hafa verið gerðar til að kortleggja íslensk dagblöð samkvæmt þessum greiningarramma og það sem gert hefur verið er orðið margra ára gamalt. Hér er sagt frá innihaldsgreiningu á íslensku dagblöðunum (DV talið sem dagblað) á árunum 2008–2010 þar sem miðað er við greiningarramma Sparks. Að hluta til eru fyrri hugmyndir staðfestar, en þó koma fram mikilvægar upplýsingar sem benda til að blöðin séu mjög einsleit og að verða líkari hvert öðru hvað efni varðar.

Efnisorð: Fjölmiðlar, lýðræði, dagblöð, síðdegisblaðavæðing.

Icelandic newspapers in light of Sparks' model of different types of press

Abstract

It is generally recognized that diversity and plurality of the media are essential for democracy. In the last decade or so concerns have been raised about the content of the new media suggesting that it is becoming more oriented towards entertainment than democratic discussion. This development has been labelled tabloidization and in scholarly discussion the model of Colin Sparks (2000) has in many ways set the reference point. Not many attempts have been made to put the Icelandic press into this model and the little that has been done is several years old. In this paper a content analysis of the Icelandic newspapers for the years 2008–2010 in view of Sparks' model is reported. To some extent earlier suggestions and findings about the internal positions of Icelandic newspapers relative to each other are confirmed.

However the findings show a high level of similarity between the newspapers and suggest that a process of homogenization is occurring in the Icelandic press.

Keywords: Media, democracy, newspapers, tabloidization.

Inngangur

Þótt dagblöð séu enn mikilvægasta fréttauppspretta jarðarbúa og 2,5 milljarðar manna lesi prentaðar dagblaðfréttir daglega (Bláðamannafélag Íslands, 2012) þá er ljóst að umræðan um dagblöð á síðustu árum hefur að verulegu leyti snúist um minnkandi lestur þeirra, ekki síst meðal ungs fólks. Umræðan um varnarbaráttu dagblaða hefur raunar verið svo hávær að Larry Kilman, talsmaður Alþjóðasambands dagblaða og útgefenda (WAN-IFRA), taldi á ársþingi samtakanna árið 2012 ástæðu til að benda á að prentmiðlar væru enn sterkir í alþjóðlegu samhengi þó vissulega væru miklar breytingar í gangi, sérstaklega á Vesturlöndum þar sem velmegun og aðgangur að tækni er mikill (McAthy, 2012). Dagblöð hafa brugðist við þróuninni með ýmsum hætti, bæði hvað varðar efnistöð og útlit og víðast hafa þau jafnframt tileinkað sér nýjungar og möguleika sem breytt tækni hefur boðið upp á. Þannig eru flest dagblöð í raun eins konar „fjölmiðlahús“ þar sem prentútgáfan er einungis ein gátt – raunar yfirleitt sú mikilvægasta – þar sem ritstjórnarefni er birt. Þannig eru þrjár stærstu netmiðlar landsins, mbl.is, visir.is, og dv.is, jafnframt tengdir útgáfu blaðs (Modernus, 2012). Eins hefur tilkoma fríblaða gjörbreytt fjölmiðlalandslaginu, ekki bara á Íslandi heldur víða um heim (Birgir Guðmundsson 2011, 2007b; Bakker 2008; Cole 2005). Auðveldur aðgangur og mikil dreifing slíkra blaða náði að draga úr og jafnvel stöðva – um skeið í það minnsta – samdráttinn sem orðinn var viðvarandi í blaðalestri. Á hinn bóginn er ástæða til að ætla að hinn almenni samdráttur í blaðalestri hvað áskriftarblöð varðar sé langvarandi ferli sem rekja megi til þróunar í samfélaginu, tækni og kynslóðamun en tengist ekki með beinum hætti fríblöðum eða því að fríblöð séu hugsanlega að leysa áskriftarblöð af hólmi (Bakker 2008; Engblom o.fl. 2008).


Sparks og hinn opinberi umræðuvettvangur

Umræðan um stöðu vestrænna dagblaða á almennum markaði hefur snúist að hluta um innihald og gæði blaða og blaðamennsku. Spurningin hefur þannig verið um það hvort útgáfufyrirtæki dagblaða hafi mætt minnkandi tekjum og harðnandi samkeppni um lesendur með því annars vegar að hagræða í rekstri og spara útgjöld til framleiðslu ritstjórnarefnis og svo hins vegar að breyta áherslum í efnistöðum til þess að reyna að gera blöðin léttari, skemmtilegri og söluvænlegri (McChesney og Pickard 2011). Þetta birtist m.a. í því að Alþjóðasamband blaðamanna taldi þegar árið 2007 að svo nærri væri gengið að blaðamenskunni í nafni markaðsvæðingar og hagræðingar að nauðsynlegt væri að hrinda af stað sérstöku átaki til varnar henni og þeim gildum sem sígild blaðamennska byggir á (White 2008). Aðrir hafa víðrað áhyggjur af þróuninni í samhengi við lýðræðislega umræðu, að fjölmiðlar setji fram sífellt einhæfara og yfirborðskenndara efni sem ekki uppfylli þá kröfu að upplýsa almenning um það sem máli skiptir fyrir lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Stundum er þetta kallað „götu-

blaðavæðing“ (e. *tabloidization*) fjölmiðlanna. Þetta er raunar útgangspunktur Colin Sparks í hinni þekktu inngangsgrein í bókinni *Tabloid tales: Global debates over Media Standards* (2000) þar sem hann kynnti ákveðinn greiningarramma til að auðvelda skilgreiningu, flokkun og samanburð á þeim umræðugrundvelli sem fjölmiðlar (blöð) skapa í ólíkum samfélögum. Þessi greiningarramma hefur verið nýttur mikið í fræðilegri umræðu um götublaðavæðinguna undanfarinn áratug. Sparks bendir á að þótt rammi hans sé ekki nákvæmur þá sé hann áfangi á þeirri leið að skilja muninn á milli ólíkra landa og fjölmiðlakerfa og svo breytinga sem orðið hafa milli tiltekinna tímabila (Sparks, 2000).

Greiningarramma Sparks byggist í raun á þremur grunnþáttum þar sem sá fyrsti er einna mikilvægastur og er iðulega vitnað til¹ (Dalghren, 2009). Þessi fyrsti þáttur snýst um tvívíddarlíkan þar sem dagblöð eða fjölmiðlar eru staðsettir eða skilgreindir eftir tveimur megin ásum. Önnur víddin lítur að því hver umfjöllunarefni eru. Annars vegar eru dagblöð (miðlar) sem fjalla hlutfallslega mjög mikið um hneykslismál, léttmeti og íþróttir en lítið um stjórnmál, efnahagsmál og félagsleg málefni. Hins vegar eru blöð sem gera hið andstæða, fjalla mikið um efnahags- og stjórnmál en lítið um íþróttir, léttmeti og hneyksli. Hin víddin snýst um hvort umfjöllunarefni miðilsins eru fyrst og fremst opinber málefni og ópersónuleg eða hvort þau snúast um einkalíf og persónur. Sparks gerir úr þessu graf þar sem þessar tvær víddir eru láttnar skerast. Hann stillir upp andstæðunum „The Journal of Record“ sem fjallar nær eingöngu um alvarleg og opinber málefni og svo hins vegar „The True Tabloid“ sem fjallar eingöngu um íþróttir, hneyksli og skemmtun út frá einstaklingum og einkalífi fólks (sjá mynd 1).

Mynd 1. Myndin sem Sparks birtir í grein sinni og sýnir hvernig greiningarlíkan hans spannar ás frá fullkomlega yfirveguðu blaði „The Journal of Record“ til hins sanna götublaðs, „The True Tabloid“. (Heimild: Sparks 2000)




Þessi skipting er mikilvæg í lýðræðislegu samhengi því í raun eru skil mörkuð á þessari línu milli blaðamennsku eða fjölmiðlunar sem upplýsingakerfis lýðræðisins og svo afþreyingar. Ramminn býður einnig upp á samanburð á lýðræðislegum umræðuvettvangi

mismunandi samfélaga. Sparks bendir t.d. á að umtalsverður munur komi í ljós milli Evrópu og Bandaríkjanna þegar kemur að eðli þessa vettvangs. Í Bandaríkjunum sé umræðuvettvangurinn mun pólskiptari með tiltölulega fáum blöðum sem flokkast myndu mitt á milli öfganna en hins vegar talsvert af blöðum sem staðsetja mætti nær endum sitt hvoru megin. Í Evrópu hins vegar, þar sem hugmyndin um síðdegisblaðavæðingu er ekki metin eins neikvæð, skipa mun fleiri miðlar sér nær miðju grafsins. Á grundvelli þessa greiningarramma setti Sparks síðan fram hugmynd að fimm dæmigerðum tegundum blaða eftir því hvernig þau röðudust inn í rammann. Þessar fimm gerðir kallaði hann „yfirvegað blað“ (e. *serious press*), „frekar yfirvegað blað“ (e. *semi-serious press*), „yfirvegað almenningsblað“ (e. *serious-popular press*), „yfirvegað götublað“ (e. *news stand tabloid press*) og loks „götublað“ (e. *supermarket tabloid press*) (Sparks, 2000).

Ragnar Karlsson (2005, 2010) hefur nýtt kjarnann úr þessum greiningarramma til að flokka íslensk dagblöð og freista þess að draga upp mynd af íslenskum umræðuvettvangi (sjá mynd 2). Það gerði hann fyrst í *Skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla* árið 2005 en þar koma í einstökum atriðum ekki fram forsendur þess hvernig þessi tiltekna flokkun var ákvörðuð. Hins vegar er ljóst að þau gögn sem flokkuninni lágu til grundvallar eru frá fyrri hluta fyrsta áratugar 21. aldar (Menntamálaráðuneytið, 2005). Ragnar gerir raunar ýmsa fyrirvara við flokkun sína og nefnir sérstaklega að þrátt fyrir þá staðsetningu blaðanna í rammannum sem hann leggur til, geti þau fjallað tiltölulega mikið um ákveðin mál sem ekki falla að þeirri staðsetningu. Nefnir hann sem dæmi íþróttaumfjöllun í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og stjórnmálaumfjöllun í DV (Ragnar Karlsson, 2010). Engu að síður er óhætt er að segja að flokkun Ragnars falli að hefðbundnum hugmyndum um dagblöðin, að Morgunblaðið og Fréttablaðið hafi svipaða stöðu á lýðræðislegum umræðuvettvangi á meðan DV er flokkað frekar sem „tabloid“ eða götublað. Þessi skilningur er í raun undirstrikaður í sameiginlegu erindi Ragnars og þeirra Lars-Áke Engblom og Þorbjörns Broddasonar þar sem þeir báru Morgunblaðið og Fréttablaðið saman við sænsku blöðin Dagens Nyheter og Metro. Þeir skipuðu Fréttablaðinu á bekk með sams konar hætti og í m2 og mun nær Morgunblaðinu en t.d. hefðbundna fríblaðinu Metro vegna þess að það hefði til að bera einkenni yfirvegaðs blaðs (Engblom o.fl., 2008).

Mynd 2. Hér má sjá tillögu Ragnars Karlssonar að staðsetningu íslenskra blaða á opinberum umræðuvettvangi með hliðsjón af greiningarramma Sparks. (Heimild: Ragnar Karlsson, 2010)



Eins og áður segir bendir Ragnar á það í sinni flokkun – og fylgir þar raunar fordæmi Sparks sjálfs – að í einstökum atriðum geti tiltekið blað fjallað mikið um málaflokk sem í raun fellur ekki fyllilega að þeirri stöðu sem menn vilja gefa því innan greiningarrammans. Þetta má að hluta til skýra með því að greiningarramminn er tvívíddar rammi þar sem annars vegar er í aðalatriðum verið að skoða þá efnisflokka sem til umfjöllunar eru – lárétti ásinn – og hins vegar er verið vísa til þess með hvað hætti fjallað er um málefnið. Annars vegar er verið að skilgreina *hvað* er fjallað um og hins vegar *hvernig* fjallað er um hlutina. Þannig er hugsanlegt að tveir fjölmiðlar fjalli álíka mikið um tiltekinn málaflokk en geri það aftur á móti með mjög ólíkum hætti, annar með tilvísun til opinbers vettvangs eingöngu á meðan hinn hugsar nær alfarið um persónur og einkavettvanginn. Hér getur líka skipt máli hvort til viðbótar við viddina um einka/opinbera vettvanginn, eða það hvernig fréttin er sögð, komi atriði eins og smekkur eða hvort fréttin er sögð í samhengi skemmtunar eða hvort hún hefur raunverulega tengingu við almannahag.² Raunar felst í greiningarramma Sparks að fræðilega gæti umræðuvettvangur tiltekins samfélags snúist um allt annað en stjórnmál, efnahagsmál eða þjóðmál, en engu að síður gæti umræðan verið öll á opinberum vettvangi og fjarri því sem í daglegu er skilið sem æsifréttamennska, „leikræna“ (*e. dramatization*) eða persónugerving. Á sama hátt er vel hugsanlegt, ekki

síst í ljósi þeirrar áherslu sem nútíma fréttamennska leggur á persónugervingu og að geta „sett andlit á mál“ (Bennet, 2005), að umræðuvettvangurinn einkenndist einmitt af persónulegum fréttum og leikrænu, en snerist þó nær eingöngu um þýðingarmikla pólitík, efnahags- og þjóðfélagsmál.

Í veruleikanum birtist þetta þó þannig að hver miðill, hvert blað, er samansafn efnisþátta (*e. bundle of content*) og það er hin ólíka samsetning hvers miðils í heild og það hvernig málin eru sett fram sem raða þeim niður í greiningarrámmann (Sparks, 2000).

Í þessu samansafni efnis í greiningarrámma Sparks er ekki tekið sérstakt tillit til auglýsinga, enda má til sanns vegar færa að auglýsingarnar sem slíkar séu ekki mikilvægar þegar verið er að skipa blöðum eða miðlum í flokka með tilliti til lýðræðislegs umræðuvettvangs. Auglýsingar eru vissulega mikilvægar þegar kemur að rekstrarforsendum fjölmiðla og möguleikum þeirra til að búa til ritstjórnarefni, og að einhverju leyti hafa þær almennt upplýsingagildi. Það getur t.d. skipt einstaklinga miklu máli að vita hvar er ódýrast að kaupa í matinn eða að ný fatasending sé komin í tiltekna verslun, en slíkar upplýsingar miða ekki endilega að því að gera einstaklinginn upplýst-an til lýðræðislegrar ákvörðunartöku. Það er því fyrst og fremst ritstjórnarefnið sem máli skiptir í samhengi umræðuvettvangsins og greiningarrámma Sparks.

Spurningin um ólíkan rekstrargrundvöll fríblaða og áskriftarblaða verður engu að síður áhugaverð í þessu samhengi, því kastljósið beinist ekki endilega að blaðinu í heild heldur að því ritstjórnarefni sem boðið er upp á og samsetningu þess. Fyrir liggur að magn efnis dagblaðanna er mjög ólíkt eftir því hvort um er að ræða fríblaðið Fréttablaðið eða áskriftarblöðin Morgunblaðið og DV. Í grófum dráttum má segja að um þriðjungur áskriftarblaðanna sé auglýsingar og restin ritstjórnarefni þar sem innlendar fréttir eru mest áberandi. Fríblaðið Fréttablaðið er hins vegar að tveimur þriðju hlutum auglýsingar og þriðjungur er efni þar sem innlendar fréttir eru fyrirferðarmestar (Birgir Guðmundsson 2011). Með því að taka auglýsingarnar út fyrir sviga, beinist kastljósið með enn skýrari hætti að ritstjórnarefninu sjálfu og því um hvers konar blað/fjölmiðil er að ræða.

Aðferð og rannsóknarspurningar

Á Íslandi hefur tímabilið frá því um síðustu aldamót einkennd af markaðsfjölmiðlun. Íslenskur fjölmiðlamarkaður hefur því mótast á þeim tíma af kröftum markaðsvæðingar líkt og gerst hefur í nágrannalöndunum (Birgir Guðmundsson, 2007a). Arne Krumsvik (2012) hefur skilgreint hvernig ýmsir alþjóðlegir straumar hafa blandast sér-norskum aðstæðum og leitt til víðtækra breytinga á þarlandum og alþjóðlegum fjölmiðlamarkaði á undanförunum árum. Í því sambandi bendir hann m.a. á mikilvægi netmiðla og fríblaða fyrir rekstur almennra dagblaða og að hefðbundin dagblöð á landsvísi hafi þurft að endurskoða starfsemi sína bæði með tilliti til lesendahóps og auglýsenda til að mæta samkeppni frá slíkum fríum miðlum sem að hluta eða öllu leyti geta komið í stað dagblaðanna (*n. substitutter*). Meðal annars hafi þetta leitt til nýrra vinnubragða hjá fjölmiðlafyrirtækjum þar sem ítarleg skráning fari fram á dagblöðum um hvaða blaðhlutar og hvers konar efni hafi markaðslegt gildi, annað hvort gagnvart lesendum

eða auglýsendum. Slíkar upplýsingar eru síðan grundvöllur ákvarðana um hvernig ritstjórnaráherslur eru þróaðar (Krumsvik, 2012 bls. 54). Krumsvik er hér á sömu slóðum og fræðimenn sem fjallað hafa um áhrif markaðsvæðingar á dagblöð (Picard, 2004; Wilkins, 2006; Hallin, 2008; McManus, 2009). Í því samhengi hafa Hallin og Mancini (2004) skilgreint hvernig umbreytingar á fjölmiðlamarkaði í Evrópu hafa verið að þróast í átt að því sem þeir skilgreina sem „frjálslynt fjölmiðlalíkan“ (e. *Liberal Model*) og felur m.a. í sér ýmis einkenni götublaðavæðingar, s.s. aukna áherslu á persónur, hneyksli og skemmtun.

Íslenskur fjölmiðlamarkaður hefur á undanförunum árum þróast í átt til aukinnar markaðsvæðingar og aukinna alþjóðlegra tenginga, þannig að búast má við að á Íslandi eins og annars staðar hafi átt sér stað mikilvægar breytingar á þessu sviði. Því vaknar sú spurning hvernig innihald íslensku blaðanna lítur út þegar þau eru skoðuð í ljósi greiningarramma Sparks. Í ljósi mikillar samkeppni á bæði lesenda- og auglýsingamarkaði og með hliðsjón af athugasemdum Krumsviks um áhrif af fríu fjölmiðlaefni og almennri þróun fjölmiðlakerfa í átt að frjálslyndu líkani, er hér sett fram sú tilgáta að íslensku blöðin séu tiltölulega einsleit hvað varðar efnisinnihald.

Þessi tilgáta felur því í sér að breyting hafi orðið frá þeirri stöðu að Morgunblaðið og Fréttablaðið hafi verið ólík en þó haft svipaða efnissamsetningu, en DV hins vegar nokkuð sér á báti sem götublað,³ eins og gert er ráð fyrir í tillögu Ragnars Karlssonar sem nefnd var hér að framan. Megin rannsóknarspurningin er þessi:

Hvernig skiptist ritstjórnarefni íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks? Frekari rannsóknarspurningar eru síðan: Hvernig birtist munur milli blaðanna og hvað er líkt og ólíkt með blöðunum?

Til að svara þessum spurningum verður hér gerð grein fyrir niðurstöðum innihaldsgreiningar á þremur íslenskum dagblöðum árin 2008, 2009 og 2010.⁴ Greining var unnin þannig að úr henni fengust að mörgu leyti sambærileg gögn og fengust úr könnun frá 2006 sem náði yfir tímabilið frá 2000–2006 (Birgir Guðmundsson, 2007b). Teknar voru til greiningar tvær vikur fyrir hvert ár í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og DV. Fyrri vikan var í apríl og sú síðari í ágúst. Valin voru sömu tímabil öll árin og haft til hliðsjónar við valið að fá fram dæmigerða mynd af innihaldi blaðanna. Hvert blað var greint ítarlega og hverri síðu skipt niður í reiti til að mæla flatarmál – smæsti reitur var 5% af síðu. Blöðin voru skoðuð í heild, líka sérblöð á vegum þeirra og eru þau inni í heildartölum. Heildarflatarmál hvers umfjöllunarflokks var þannig mælt og sambærilegar tölur fengust fyrir ólíka innihaldsflokka.

Flokkað var í efnisflokka sem gáfu almennar vísbendingar um stöðu blaðanna innan greiningarramma Sparks, frekar en að eltast við bókstaflega túlkun á þeim hugtökum sem hann notaði. Þannig er t.d. erfitt að mæla eða skilgreina „hneyksli“ eða „skemmtun“ þannig að unnt sé að nota slíkt með skilvirkum hætti. Þess í stað var stuðst við breiðari efnisflokka sem hver um sig hefur raunhæfa skírskotun til greiningarrammans. Gerð verður grein fyrir þessum flokkum hér á eftir samhliða niðurstöðum úr hverjum flokki fyrir sig.

Tilgátan um að blöðin séu að verða einsleitari gerir þá ráð fyrir að Morgunblaðið og Fréttablaðið, sem voru samkvæmt eldri hugmyndum talin nokkuð svipuð blöð,

hafi orðið enn líkari og að vaxandi líkindi séu einnig með DV, sem talið var meira götublað, og hinum blöðunum. Í því felst að ekki sé merkjanlega mikið meira af íþróttafréttum, slúðri/dægradvöl, og mjúkum fréttum sé í DV en í hinum blöðunum. Á sama hátt væri þá svipað hlutfall af þjóðmálaumræðu og hörðum fréttum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, og DV væri ekki með áberandi minna af slíku efni. Með hörðum fréttum er hér verið að vísa til fréttu sem upplýstur borgari þarf að fá til að geta fylgst með samfélagsmálum (Itule & Anderson 2003), en ítarlegri skilgreining á því hvað mælt var í könnuninni verður sett fram í niðurstöðukafla.

Efnisflokkarnir sem hér eru skilgreindir sýna fyrst og fremst stöðu blaðanna á lárétta ásnum í greiningarrammanum, nema skiptingin í harðar og mjúkar fréttir sem gefur sterklega til kynna *hvernig* fréttirnar eru sagðar. Sömuleiðis felast talsverðar vísbendingar um áherslur á lóðréttu ásnum í því hvort mikið eða lítið er af efni um fína og fræga fólkið.

Í samræmi við þetta eru þessi innihaldsatriði borin saman milli flokka. Harðar fréttir og þjóðmálaumræða, eru einkenni yfirvegundar og mikilvægis fyrir lýðræðislega umræðu. Íþróttir, mjúkar fréttir og slúður/dægradvöl eru hins vegar einkenni götublaðamennsku. Eins og Sparks bendir á þá eru blöð samansafn efnisflokka (e. *bundle of content*) og sumir þeirra falla ekki með augljósum hætti inn í greiningarramman. Þetta á t.d. við um innihaldsflokka eins og menningarumfjöllun, bæði dægurmenningu og sígilda menningu. Einnig getur verið snúið að flokka umfjöllun um tímamót í lífi samtíðarmanna, lífs og liðna, í afmælis- og/eða minningargreinum og þjónustuumfjöllun hvers konar, sem er þýðingarmikill hluti þess samansafns efnisþátta sem sérhvert blað er. Slík umfjöllun er vissulega ekki með beinum hætti til þess fallin að gera þegna samfélagsins hæfari til að taka upplýstar ákvarðanir í lýðræðis-samfélagi, en stuðlar þó hugsanlega að því að auka víðsýni og almennan skilning og menntun í víðum skilningi. Því verða þessir efnisþættir hafðir með í samanburðinum til að gefa fyllri mynd af blöðunum. Fullyrða má að menningarumfjöllun sé frekar til þess fallin að flokka miðil sem yfirvegaðan á meðan tímamót samtíðarmanna og þjónusta hvers konar sé hvorki til marks um „yfirvegund“ né „götublaðamennsku“.


Niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum innihaldsþætti um sig. Fyrst verður vikið að fréttum og þjóðmálaumræðu, en báðir þessir flokkar – einkum þjóðmálaumræðan – eru til marks um yfirvegund í anda greiningar Sparks. Því næst verða skoðaðir flokkar íþróttu og slúðurs/dægradvalar, sem samkvæmt greiningarrammanum ættu eða benda til götublaðavæðingar. Loks verður brugðið upp mynd af öðru efni, þ.e. menningu og tímamótum/þjónustu og kannað hvar slíkir flokkar falla inn í greiningarramman.


Á mynd 3 og mynd 4 má sjá heildarmynd af efnisflokkum dagblaðanna þriggja eins og þeir voru að meðaltali árin 2008, 2009 og 2010. Rétt er að benda sérstaklega á þann mikla mun sem er á efnismagni í blöðunum sem aftur sýnir nauðsyn þess að birta bæði upplýsingar um blaðsíðufjölda og svo hvernig efnissamsetningin er innan hvers blaðs um sig. Morgunblaðið var með yfirgnæfandi flestar efnissíður eða að meðaltali í kringum 40 síður daglega á tímabilinu frá 2008–2010. Því næst kom DV

með að meðaltali 31 síðu og loks Fréttablaðið með um 21,5 síðu að meðaltali á dag á tímabilinu.

Mynd 3. Umfang efnisflokka í íslenskum dagblöðum 2008–2010 mælt í fjölda blaðsíðna að meðaltali á dag, en auglýsingar eru undanskildar



Mynd 4. Innbyrðis hlutfall efnisflokka að meðaltali á dag í íslenskum dagblöðum 2008-2010, en auglýsingar ekki með útreikningi




Fréttir

Eins og sjá má á mynd 3 og mynd 4 eru innlendar fréttir mjög stór hluti af efni allra dagblaðanna. Erlendar fréttir eru á hinn bóginn hlutfallslega mun færri, sérstaklega í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Skilgreining á því hvað telst innlend frétt í þessari mælingu er allt það sem á sér stað á Íslandi, einnig fréttir og viðtöl við Íslendinga erlendis og fréttir um Evrópusambandið sem voru tengdar Íslandi. Í flokkinn erlendar

fréttir fóru fréttir sem fjalla um öll önnur lönd en Ísland og tengjast ekki Íslandi. Athygli vekur hversu hátt hlutfall af ritstjórnarefni bæði Fréttablaðsins og DV eru fréttir. Hjá DV er um tveir þriðju hlutar efnis í blaðinu fréttir, innlendar eða erlendar, og hlutfallið losar helming hjá Fréttablaðinu. Þegar blaðsíðufjöldinn er skoðaður sést að DV er með fleiri fréttasíður en Morgunblaðið og bæði þessi blöð eru með mun fleiri fréttasíður en Fréttablaðið. Það sem sérstaka athygli vekur hins vegar er að þrátt fyrir margar fréttasíður í Morgunblaðinu fer stærri hluti bæði DV og Fréttablaðsins undir fréttir en hjá Morgunblaðinu, þar sem meiri dreifing er á efni í ólíka efnisflokkum.

Þótt fréttir séu almennt farvegur miklvægra lýðræðislegra upplýsinga, skiptir máli um hvað fréttirnar eru og hvernig fjallað er um mál. Þannig eru lífsreynslusögur og persónuleg viðtöl vissulega flokkuð sem fréttir, en slíkar fréttir skipta ekki eins miklu fyrir lýðræðið og svokallaðar harðar fréttir. Harðar fréttir hafa, eins og áður segir, verið skilgreindar sem fréttir sem upplýstur borgari þarf að fá til að geta fylgst með samfélagsmálum. Í þennan flokk voru til dæmis settar allar fréttir um stjórnsmál, lögreglufréttir, viðskiptafréttir og fréttir af atvinnuástandi. Mjúkar fréttir hins vegar snúa meira að einstaklingum, lífsreynslu hans og mannlegum tengslum. Viðtöl við einstaklinga voru flokkuð í þennan flokk og einnig persónuleg viðtöl, jafnvel þegar viðkomandi gaf upp mataruppskrift. Auk þess voru fréttir um tísku settar í þennan flokk. Niðurstaðan, sem birtist á mynd 5, leiðir í ljós að lítill munur er á Morgunblaðinu og Fréttablaðinu hvað varðar skiptingu fréttablaðanna. Segja má að DV sé nokkuð frábrugðið hinum blöðunum, en þar er skiptingin mjúkum fréttum heldur í hag.

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting milli harðra og mjúkra fréttu að meðaltali á dag í íslenskum dagblöðum 2008–2010



Velta má fyrir sér hvort það sé mikið eða lítið að um eða yfir helmingur fréttu í íslenskum blöðum flokkist sem mjúkar fréttir. Á þeim þremur árum sem mælingin nær yfir er ekki að sjá umtalsverða fjölgun mjúkra fréttu, einna helst varð nokkur fjölgun í DV. En sé hins vegar horft lengra aftur í tímann og skoðaðar mælingar fyrir árin 2000–


2005 kemur í ljós að þessari tegund fréttu hefur fjölgað talsvert mikið. Á fyrstu fimm árum aldarinnar voru mjúkar fréttir í Morgunblaðinu t.d. um 17% árið 2002 og tæp 27% árið 2005, en tæp 24% fréttu í Fréttablaðinu árið 2005 (Birgir Guðmundsson 2007b). Þessar eldri mælingar voru byggðar á sömu skilgreiningum á hörðum og mjúkum fréttum og notaðar eru í nýju rannsókninni þannig að þetta bendir eindregið til að þessari tegund fréttu hafi vaxið fiskur um hrygg á Íslandi frá 2002 til 2008.

Þjóðmálaumræða


Ásamt fréttum, sérstaklega hörðum fréttum, er þjóðmálaumræða í blöðunum ein helsta vísbending um stöðu dagblaðanna á umræðugrundvelli íslensks samfélags. Niðurstöðurnar sýna greinilega sérstöðu Morgunblaðsins þegar kemur að umfangi þjóðmálaumræðu í blöðunum eins og sjá má á mynd 3 og mynd 4. Þessi sérstaða gildir bæði um hlutfall þjóðmálaumræðunnar af efni blaðanna og um raunverulegan fjölda blaðsíðna. Morgunblaðið er með meira en helmingi fleiri blaðsíður undir slíka umræðu en Fréttablaðið og næstum fjórum sinnum fleiri en DV. Rétt er að geta þess að nánast engar aðsendar greinar voru í DV á þessum tíma.

Skilgreiningin á þjóðmálaumræðu í þessari mælingu skiptist í þrjá megin flokka: „aðsendar greinar“, þ.e. greinar sem ekki voru skrifaðar af blaðamönnum eða ritstjórnarmeðlimum en hér teljast þó með fastir pistlahöfundar utan ritstjórnar; „ritstjórnargreinar“ sem skrifaðar voru af blaðamönnum, ritstjórum eða öðrum á ritstjórn; og loks „annað“ sem er flokkur sem nær yfir allt það sem fyrri tveir flokkarnir taka ekki til, t.d. tilvitnanir í blogg síður.

Mynd 6. Hér má sjá hvernig þjóðmálaumræðan skiptist í blöðunum 2008–2010 mæld í meðal blaðsíðufjölda á dag. Umræðan er mest í Morgunblaðinu og eru aðsendar greinar þar fyrirferðarmestar



Mynd 7. Hér má sjá hvaða hlutfall einstakir þættir þjóðmálaumræðunnar eru af heildar efni dagblaðanna að meðaltali á dag 2008–2010. Áberandi er hve hlutfallið er hátt í Morgunblaðinu miðað við hin blöðin



Á mynd 6 og mynd 7 má sjá hvernig skiptingin var í þessa tilteknu flokka á blöðunum. Áberandi er að þrátt fyrir að aðsendar greinar taki mikið pláss í Morgunblaðinu þá er þjóðfélagsumræða sem skrifuð er inni á ritstjórn líka mikil, bæði í blaðsíðum talið og sem hlutfall af efni blaðsins. Eins er athyglisverður munur á samsetningu þjóðmálaefnis milli Morgunblaðsins og hinna blaðanna þar sem hlutfallslega meira er af „öðru“ efni í DV og Fréttablaðinu, en gera verður ráð fyrir að það sé að stórum hluta efni sem safnað er saman af ritstjórn annars staðar frá, t.d. af bloggsíðum, og sé þannig ekki frumsamið fyrir viðkomandi blöð.

Íþróttir

Íþróttir eru eitt af þeim umfjöllunaratriðum sem Sparks nefnir sem vísbendingu um götublaðavæðingu og fær flokkurinn sess sem eitt helsta tákni um upplýsingar sem ekki skipta máli fyrir lýðræðislega samræðu. Hins vegar getur umfjöllun um íþróttir verið af því tagi að hún skipti máli, og þá kannski sérstaklega ef um samfélagsleg eða efnahagsleg áhrif íþróttar er að ræða. Slík umfjöllun hefur þó haft tilhneigingu til að vera hluti af almennum fréttum og sú íþróttaumfjöllun sem tíðkast hefur í fjölmiðlum er ekki nema að litlu leyti af þessum toga. Því hefur gjarnan verið haldið fram að íþróttaumfjöllun á Vesturlöndum lúti öðrum lögmálum en almenn fréttamennska og eigi að því leyti til meira skylt við skemmtiefni (Blaðamannafélag Íslands, 2005).

Í þessari rannsókn var efnisflokkurinn „íþróttir“ skilgreindur fyrst og fremst sem umfjöllun um íþróttir, íþróttafólk, íþróttaviðburði og kappleiki. Ekki var þó eingöngu miðað við hefðbundnar íþróttasíður heldur líka tekin með umfjöllun sem oft er í jafri íþróttasíðanna, t.a.m. umfjöllun um bridge, skák og golf. Niðurstöðurnar eru athyglisverðar eins og sjá má á mynd 3 og mynd 4. Morgunblaðið er hlutfallslega með áber-

andi mesta íþróttaumfjöllun á meðan hin blöðin tvö hafa svipað hlutfall íþróttaefnis. Líkt og í flestum öðrum flokkum er blaðsíðufjöldinn einnig mestur hjá Morgunblaðinu og meira en tvöfaldur á við íþróttaumfjöllunina hjá Fréttablaðinu. Eins og raunar víðar, þá kemur fram það mynstur að Fréttablaðið er með fæstar efnissíður um íþróttir en er hins vegar á milli Morgunblaðsins og DV þegar horft er til hlutfalls efnisins. Hins vegar er athyglisvert í ljósi greiningarramma Sparks að það skuli einmitt vera DV sem hefur lægst hlutfall íþróttafréttu. Ef til vill skipta hér sérstök tæknileg atriði máli, s.s. að erfitt kann að vera fyrir DV að fylgjast með úrslitum leikja vegna lokunar- og prenttíma blaðsins. Bláðið er prentað tiltölulega snemma dags og kappleikir eru á kvöldin, sem hugsanlega dregur eitthvað úr umfangi umfjöllunarinnar.

Slúður/dægradvöl

Sterk vísbinding um staðsetningu dagblaða á umræðugrundvelli er áhersla þeirra á að flytja fréttir sem kalla mætti slúður eða dægradvöl. Slíkt efni hefur sáralitla skírskotun til lýðræðislegrar umræðu og skiptir nánast engu máli í slíku samhengi. Hins vegar getur hér verið um skemmtun eða afþreyingu að ræða, sem lesendum þykir eftir-sóknarverð og getur jafnvel verið söluvænleg og þannig hvatt til lesturs á viðkomandi miðli. Efni af þessu tagi var hér safnað saman í einn og sama flokkinn. Þetta eru fréttir um fína og fræga fólkið, pistlar um „léttvæg“ efni, t.d. hvað fólk hygðist gera um helgina, mataruppskriftir, teiknimyndir, krossgátur og annað slíkt.

Eins og sjá má á mynd 3 og mynd 4 leggja öll blöðin umtalsverða áherslu á þennan flokk og líkt og í fleiri efnisflokkum er blaðsíðufjöldinn mestur hjá Morgunblaðinu og þá hjá DV. Hins vegar er efni af þessu tagi svipað hlutfall af heildarefni blaðanna eða rétt um 10% hjá þeim öllum, rétt rúmlega hjá Fréttablaðinu og tæplega hjá hinum. Það er því ekki að sjá neinn mun á blöðunum þremur þegar kemur að þessum þætti sem þó fyrirfram hefði verið líklegur til að aðgreina blöðin í greiningarramma Sparks. Raunar er ástæða til að geta þess að hvorki efnisflokkarnir „íþróttir“ né „slúður/dægradvöl“ sem eru almennt séð mikilvægir mælikvarðar á götublaðamennsku, virðast styðja þá tilgátu að DV hafi ákveðna sérstöðu hvað þetta varðar gagnvart hinum blöðunum tveimur.

Aðrir efnisflokkar

Sparks talar um að efni dagblaða sé samsetningur (e. *bundle of content*) og það sé spurningin um hlutföll og eðli einstakra þátta innbyrðis sem ráði því hvar í greiningarrammanum blöð lendi (Sparks 2000). Sumir efnisflokkar eru þess eðlis að ekki er auðvelt að skilgreina þá með einfaldri viðmiðun við upplýsta lýðræðislega umræðu. Sambandið getur verið óbeint og t.d. snúist um það að stuðla að því að einstaklingarnir séu menningarlega upplýstir án þess að sú menning þurfi að tengjast beint lýðræðislegri umræðu dagsins. Auk þess getur skemmtun oft verið fræðandi og jafnvel stuðlað að því að auka lýðræðislega færni einstaklinga (McCombs o.fl., 2011). Því vakna spurningar um hvernig eigi að skilgreina efnisflokka eins og menningarumfjöllun eða minningar- og afmælisgreinar sem líta má á sem eins konar þjóðlegan fróðleik eða þá upplýsingar um útvarps- og sjónvarpsdagskrá, guðsþjónustur og gengi gjaldmiðla. Hér er þessu

skipt í tvo flokka og hvor um sig skoðaður sérstaklega. Erfitt er að flokka menningarumfjöllun sem einfalda skemmtun sem ekkert gildi hefur þegar kemur að lýðræðislegri umræðu í samfélaginu. Vissulega fer það eitthvað eftir því um hvað er verið að fjalla, en hér verður ekki tekin sú menningarpólítíska áhætta að flokka menningu í merkilegri eða ómerkilegri menningu eða hámenningu og lágmenningu. Menningarumfjöllunin í heild verður hins vegar talin ýta undir að viðkomandi miðill teljist frekar yfirvegunarmegin en götublaðamegin í greiningarrammanum.


Hinn efnisflokkurinn, sem hér er kallaður „tímamót/þjónusta“ og samanstendur af minningar- og afmælisgreinum auk upplýsinga um ýmsa þjónustu, s.s. dagskrá útvarps og sjónvarps, gengi gjaldmiðla og fleira, verður hins vegar hvorki talinn ýta undir að viðkomandi blað sé götublað eða yfirvegað blað. Engu að síður er upplýsandi að sjá hvernig þessi efnisflokkur birtist í blöðunum enda mikilvægur hluti af þeim „samsetningi efnisflokka“ sem dagblöðin eru.

Menning


Menningarumfjöllun í dagblöðum getur verið margvísleg og raunar af mjög misjöfnum toga. Þannig er hægt að halda því fram að umfjöllun um dægurmenningu og vinsæla listamenn geti frekar flokkast sem skemmtiefni en sem yfirvegað umfjöllun, á meðan hið andstæða gildi um umfjöllun um sígilda tónlist eða myndlist. Hér verður hins vegar ekki tekin afstaða til slíkra hugmynda og einungis greint frá því hvernig blöðin fjalla um ólíka menningarþætti. Menningarumfjölluninni er skipt upp í eftirfarandi flokka: bókmenntir og gjörningar þar sem bækur koma við sögu og/eða bækur og fleiri en ein listgrein; sígild tónlist, en hér undir fellur öll klassísk tónlist, þar með taldir kórar; popptónlist, en undir hana fellur öll önnur en sígild tónlist, þar á meðal jazz; myndlist, sem nær til allrar umfjöllunar um myndlist, þ.á.m. ljósmyndasýningar; leiklist, en undir hana eru flokkuð leikrit, söngleikir og uppistand; kvikmyndir, en þar er öll umfjöllun um kvikmyndir, framhaldsþætti og tölvuleiki.

Eins og sjá má á mynd 3 og mynd 4 er menningarefni mest í Morgunblaðinu eða 3,6 síður að meðaltali á dag. Fréttablaðið kemur síðan næst með 2 síður og DV rekur lestina með 1,6 síðu á dag. Sé efnisflokkurinn hins vegar skoðaður sem hlutfall af efni í viðkomandi blaði þá jafnast þetta nokkuð út því að Fréttablaðið og Morgunblaðið eru með svipað hlutfall menningarefnis. DV hins vegar sker sig nokkuð úr og er með mun minna af slíku efni. Forvitnilegt er að skoða skiptinguna á menningarefninu en hún er sýnd á mynd 8 og mynd 9.

Mynd 8. Hér má sjá hvernig menningarumfjöllun blaðanna skiptist á mismunandi efnisflokkum mæld í meðalfjölda blaðsíðna á dag. Umfjöllun er mest í öllum flokkum í Morgunblaðinu nema í leiklist þar sem DV er með heldur meira



Mynd 9. Hér má sjá hvernig menningarumfjöllunin í hverju blaði fyrir sig sem hlutfall af heildarefni skiptist á einstaka efnisflokkum að meðaltali á dag. Umfjöllun um popp og kvikmyndir er áberandi mikil hjá öllum, en bókmenntaumfjöllun er einnig stór hluti heildarinnar sérstaklega hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu



Enn birtist með áberandi hætti hversu miklu meira efni er í Morgunblaðinu en í hinum blöðunum. Þetta á við um nánast alla flokka nema leiklist þar sem DV er með mikla umfjöllun og sker sig þannig talsvert úr. Hins vegar breytist þetta þegar hlutfallsleg skipting menningarefnisins er innan einstakra blaða er skoðað. Þannig er umfjöllun um leiklist, kvikmyndir og bókmenntir svipað hlutfall af heildarmenningarumfjöllun í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Athyglisvert er að sjá að öll blöðin leggja verulega

áherslu á skrif um popp og enn er magnið mest í Morgunblaðinu þó að hlutfall þess af heildarmeningarumfjöllun blaðsins sé lægra en hjá Fréttablaðinu og svipað og hjá DV. Þessi skipting menningarumfjöllunar gefur ekki tilefni til mikilla ályktana um hvort hægt sé að nota einhvers konar skiptingu í hámenningu eða lágmenningu til að flokka blöðin inn í greiningarramma Sparks, jafnvel þó vilji væri til þess. Það sem helst myndi flokkast sem dægurmenning, popp og kvikmyndir tekur svipaðan hluta af því plássi sem varið er í menningarumfjöllun hjá öllum blöðunum og sama má segja um það sem flokkast undir sígilda/klassíska menningu, s.s. sígilda tónlist, leiklist eða bókmenntir. DV fjallar raunar ekkert um sígilda tónlist en á hinn bóginn mikið um leiklist. Varasamt er að lesa of mikið inn í slík tilbrigði.

Tímamót og þjónusta

Sú þjónusta dagblaða að birta dagskrár útvarps og sjónvarps, upplýsingar um veður, gengi gjaldmiðla og ýmislegt fleira er meðal hefðbundins efnis dagblaða um allan hinn vestræna heim. Hins vegar er það ekki algengt að dagblöð á landsvísu birti mikið af minningargreinum eða tilkynningum um andlát eða afmælisdaga. Slíkt gerist frekar í staðar- eða svæðisblöðum. Eins og sjá má af mynd 2 og mynd 3 er þessi flokkur nokkuð plássfrekur í íslenskum dagblöðum, sérstaklega í Morgunblaðinu, sem er með meira en helmingi fleiri blaðsíður af slíku efni en hin blöðin. Hér munar mestu um þá hefð að birta minningargreinar í Morgunblaðinu, en nær engar slíkar greinar voru birtar í hinum blöðunum á rannsóknartímabilinu. Nærri latur að um 10% af heildarefni Morgunblaðsins hafi verið minningargreinar eða um 4 síður á dag. Þessi sérstaða blaðsins kann að vera einn af styrkleikum þess. Lars Áke Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2008) varpa því t.d. fram að minningargreinar ásamt háu hlutfalli aðsendra greina, kunni að vera meðal skýringa á því hversu sterkt Morgunblaðið hafi staðið í samkeppninni við fríblaðið Fréttablaðið.

Hér verður látið liggja milli hluta hvort raunhæft eða skynsamlegt sé að tengja vitneskju um líf og störf samborgara sem fallið hafa frá við upplýsta lýðræðislega þjóðfélagsumræðu. Engu að síður er hér á ferðinni stór efnisþáttur í blöðunum sem óeðlilegt væri að horfa alveg framhjá.

Samantekt niðurstaðna

Þegar niðurstöðurnar eru dregnar saman þá eru það einkum fjögur atriði sem vert er að nefna sérstaklega.

Í fyrsta lagi er það áberandi hversu lík og í raun einsleit blöðin eru þegar hlutfall einstakra efnisflokka er skoðað. Það styður eindregið þá tilgátu sem sett var fram. Rannsóknin sýnir að sú hugmynd að DV hafi umtalsverða sérstöðu gagnvart hinum blöðunum í ljósi greiningarramma Sparks orkar tvímælis. Ákveðnir þættir benda vissulega til þess en aðrir síður. Þannig styður það flokkun DV sem meira götublaðs en hin blöðin að þar er bæði að finna herra hlutfall mjúkra fréttar en í hinum blöðunum og minna af þjóðmálaumræðu. Hins vegar vinnur það gegn hugmyndinni að í blaðinu er hlutfallslega minna af íþróttum en í hinum blöðunum og hlutfallslega svipað magn af slúðri/dægradvöl. Að öllu samanlögðu má því segja að DV hafi

nokkra sérstöðu þótt hún sé ekki mikil.

Í öðru lagi eiga bæði DV og Fréttablaðið það sameiginlegt að vera með hlutfallslega mikið af fréttum, bæði innlendum og erlendum, sem gerir þau lík hvort öðru, en skapar Morgunblaðinu ákveðna sérstöðu. Sú sérstaða felst í því að í blaðinu er meira af efni sem dreifist jafnar á fleiri málaflokka.

Í þriðja lagi skiptir miklu máli hvort skoðuð er hlutfallsleg skipting efnis innan blaðanna eða hvort horft er á blaðsíðufjöldann. Þannig er efnismagnið í blaðsíðum talið í einstökum flokkum áþekkt í Fréttablaðinu og DV, ef fréttirnar eru undanskildar, en Morgunblaðið sker sig úr. Þetta breytist hins vegar nokkuð þegar skoðuð eru hlutföll efnisflokka innan hvers blaðs um sig og þá, verða blöðin líkari og Fréttablaðið tekur sér oftast stöðu á milli Morgunblaðsins og DV.

Í fjórða lagi dregur hlutfallsleg efnissamsetning blaðanna fram mun á þeim sem gerir mögulegt að flokka þau innbyrðis í ljósi greiningarramma Sparks. Aftur á móti geta þessar niðurstöður ekki sagt nákvæmlega til um hvar í rammanum eðlilegt er að staðsetja þau, enda er hann ekki nákvæmt greiningartæki. Svo virðist sem tillaga Ragnars Karlssonar að staðsetningu blaðanna geti að hluta til staðist, einkum að því leyti að Fréttablaðið sé milli Morgunblaðsins og DV á þeim ási sem nær milli yfirvegaðs miðils og síðdegisblaðs. Engu að síður benda niðurstöðurnar til að bilið milli blaðanna sé heldur mikið hjá Ragnari, sérstaklega á lárétta ásnum og jafnvel á þeim lóðrétta líka. Hin mikla og svipaða áhersla á mjúkar fréttir í bæði Fréttablaði og Morgunblaði gefur ekki tilefni til að setja þau mjög ofarlega á lóðrétta ásinn þar sem mæld er áhersla á opinberan vettvang. Eðlilegt er að staðsetja DV eitthvað neðar en hin blöðin á þeim ási enda örlítið hærra hlutfall mjúkra fréttu þar. Þetta mætti líka orða þannig að niðurstöðurnar gefa tilefni til að staðsetja blöðin í þéttari hnapp en gert er hjá Ragnari. Að sjálfsögðu veltur slíkt þó á mælikvarðanum sem notaður er í greiningarrammanum, en megin tilgátan um einsleitni íslensku dagblaðanna fær umtalsverðan stuðning í rannsókninni.

Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar varpa mikilvægu ljósi á það hvernig beri að skilja stöðu íslensku dagblaðanna á opinberum umræðuvettvangi. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á þessari stöðu eftir að markaðsvæðing fjölmiðlakerfisins náði að festast í sessi. Þó að rannsóknin staðfesti að einhverju leyti þær hugmyndir, sem fræðimenn hafa haft, koma einnig fram nýjar upplýsingar. Sérstaka athygli vekur að munurinn milli blaðanna skuli ekki vera meiri en raun ber vitni. Slíkt bendir til að Ísland sé líkara Evrópu en Bandaríkjunum hvað þetta varðar, en Sparks nefnir einmitt að hin mikla pólskipting í Bandaríkjunum hafi verið það sem kom honum á óvart þegar hann beitti greiningarramma sínum á bandarískan umræðuvettvang. Hið gagnstæða átti hins vegar við um Evrópu (Sparks 2000). Ýmislegt bendir einnig til að þessi einsleitni íslensku blaðanna hafi verið að aukast. Tillaga Ragnars Karlssonar að staðsetningu þeirra á þessum umræðuvettvangi er orðin nokkuð gömul, eins og fram kom hér að framan og umtalsverðar breytingar orðið á fjölmiðlamarkaði síðan. Þær breytingar má m.a. sjá í samanburði á niðurstöðum úr þessari og eldri rannsókn (Birgir Guðmundsson, 2007b)

en ljóst er að orðið hefur nokkur aukning í mjúkum fréttum í bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu á árunum fyrir 2008. Það kynnir þá að vera ákveðin birtingarmynd þess að íslenskir fjölmiðlar starfi nú undir formerkjum markaðsmiðlunar, en eins og Hallin og Mancini (2004) hafa bent á hefur markaðsvæðingin verið öflugasta aflið í umbreytingu fjölmiðlakerfa Evrópu í átt til einsleitni.

Líkt og fram hefur komið gerir greiningarramminn ekki greinarmun á því hvers konar rekstrarform er á blaði og auglýsingar verða í raun aukastærð í þessu samhengi. Þetta gerir það að verkum að athyglin beinist fyrst og fremst að efninu í viðkomandi blöðum og innbyrðis hlutföllum efnisflokka í þeim. Það er kostur að því leyti að umræðan snýst þá um efnið en ekki auglýsingarnar eins og hætt er við að gerist þegar Fréttablaðið er annars vegar. Hins vegar er spurning hvort einmitt sú staðreynd að eitt blaðanna er fríblað skipti ekki miklu máli í tengslum við það hvernig hinn opinberi umræðugrundvöllur þróast og hvaða efnisflokkar eru settir á dagskrá. Vissulega er í áskriftarblöðum ýmis konar efni sem líklegt er að sé ekki í fríblöðum og almennt mætti því ætla að meiri vinna væri lögð í ritstjórnarefni áskriftarblaða en fríblaða. Það veltur hins vegar talsvert á því hvernig fríblöðin eru og fjölmiðlamarkaðurinn getur verið ólíkur eftir löndum. Fréttablaðið er þannig talsvert ólíkt Metro í Stokkhólmi og því líklegt að þessi tvö fríblöð hafi ólík áhrif á keppinauta sína sem starfa á áskriftarmarkaði (Engblom o.fl., 2008). Það að Fréttablaðið er sérstaklega líkt áskriftarblöðunum hvað hlutfall efnis varðar er því líklegt til að auka til muna samkeppnisáhrif þess gagnvart hinum blöðunum miðað við hver áhrif þess væru ef það væri mjög ólíkt áskriftarblöðum. Eins og Arne Krumsvik (2012) hefur bent á í umfjöllun sinni um Noreg þá hefur tilkoma ókeypiss ritstjórnarefnis á netsíðum og í fríblöðum áhrif á innihald, ekki bara fríblaðanna heldur líka annarra blaða. Þetta stafar m.a. af því að í harðri samkeppni um bæði lesendur og auglýsendur reyna blöðin að velja og þróa þau efnisatriði og blaðhluta sem líklegir eru til að hjálpa rekstrinum. Þessi áhrif markaðsvæðingar eru líkleg til að magnast þegar bæði lesenda- og auglýsingamarkaður er tiltölulega lítill og einsleitur eins og á Íslandi. Blöðin eru þannig að verulegu leyti að keppa um sömu lesendahópna og sömu stóru auglýsendurna.

Telji menn markaðsvæðinguna birtast í vaxandi götublaðavæðingu, sem er útgangspunkturinn í umfjöllun Sparks, þá er líklegt að ásamt hlutum eins og samþjöppun eignarhalds kyndi fríblöð og frítt ritstjórnarefni á vefnum undir slíkri þróun, sérstaklega ef um er að ræða fríblað sem hefur til að bera marga eiginleika og efnissamsetningu yfirvegaðs dagblaðs líkt og Fréttablaðið hefur. Frekari rannsóknar er þó þörf til að útskýra hvort og þá hvernig rekstrarfösendur og markaðsaðstæður fjölmiðla í umhverfi með ólíku framboði af fríu efni skipta máli. Á Íslandi virðist sem þessi áhrif hafi orðið til þess að þjappa blöðunum meira saman í kringum miðju greiningarrammans.

Sú spurning vaknar einnig hvort þær mælingar sem hér hafa verið gerðar fangi í raun til fulls þau atriði sem mikilvæg eru í greiningarrammanum. Í inngangi var nefnt að með rammanum væri að hluta til verið að ákvarða *hvernig* sagt er frá hlutum. Reynt var að meta það með því að kortleggja skiptinguna í harðar og mjúkar fréttir. Í greinargerð sinni bendir Sparks á að fleiri atriði skipti máli varðandi götublaðavæðinguna, hlutir eins og t.d. smekkur og í hvaða samhengi hlutir eru settir fram.

Honum hefur t.d. orðið tíðrætt um „The Jerry Springer Show“ í bandarísku sjónvarpi í því samhengi. Segja má að þessi atriði, sem kalla má smekksatriði og eru ekki beinlínis hluti af greiningarramma sjálfum, skipti máli fyrir umræðuvettvanginn og gefi lóðréttu viddinni í rammanum viðbótar þyngd. Atriði af þessu tagi koma ekkert við sögu í þeirri rannsókn sem hér hefur verið kynnt, né heldur spurningar um fyrirsagnastærð eða myndnotkun, sem geta skipt máli varðandi það hvernig almenn- ingur upplifir viðkomandi blaðamennsku. Því væri gagnlegt að gera frekari rannsóknir á því hversu mikill munur er á framsetningarmáta dagblaðanna og að hve miklu leyti sé eðlilegt að nota hann til að staðsetja blöðin á opinberum umræðuvettvangi. Almenn- t séð hlýtur þó að skipta meira máli *hvað* sagt er en *hvernig* það er sagt, þótt hvoru tveggja sé mikilvægt.

Aftanmálgreinar

- 1 Seinni tveir þættirnir styðja í raun við þann fyrsta. Annars vegar er hann að tala um breytingar sem orðið hafa innan tiltekinna miðla, þ.e. hvort aukning hafi orðið á léttu efni á kostnað samfélagslega mikilvægs efnis, og hins vegar er hann að vísa til þess hvernig efnið er fram sett, hvort þeir sem tjá sig um mál séu kvaddir til vegna sérþekkingar eða hvort umgjörðin sem umræðan fer fram í sé við hæfi. (Sparks 2000, bls. 16)
- 2 Þetta er eitt af þeim atriðum sem Sparks nefnir í sinni grein og tekur dæmi af Jerry Springer þættinum þar sem hlutir eru teknir út úr eðlilegu umhverfi og gerðir að skemmtiefni.
- 3 DV kom á þessu tímabili aðeins út þrisvar í viku en er hér engu að síður flokkað með dagblöðunum. Þetta er atriði sem hafa þarf í huga þegar skoðaðar eru tölur um blaðsíðufjölda.
- 4 Kristín Heba Gísladóttir, nemandi við Háskólann á Akureyri, var ráðin sem aðstoðarmaður við þessa rannsókn og vann innihaldsgreininguna sumarið 2011.

Heimildir

- Bakker, P. (2008). „The simultaneous rise and fall of free and paid newspapers in Europe“. *Journalism Practice* 3, bls. 427–443.
- Bakker, P. (2010). „Free dailies 2010: the age of the happy monopolist“. *In Publishing, January/February*, 19–20. Sótt 2. ágúst 2011 á http://www.inpublishing.co.uk/kb/articles/free_dailies_2010_the_age_of_the_happy_monopolist.aspx
- Bennett, L. (2005) *News, the Politics of Illusion* Pearson/Longman, New York.
- Birgir Guðmundsson (2007a). „Inngangur – Í spegli tímans“. Í Birgir Guðmundsson (ritstj.), *Íslenskir blaðamenn: sjónarmið handbafa blaðamannaskírteina 1–10 á 110 ára afmæli Blaðamannafélags Íslands* (bls. 6–17). Blaðamannafélag Íslands, Reykjavík.
- Birgir Guðmundsson (2007b) “Tilkoma ókeypis dagblaðs – breyttur veruleiki?” Í Gunnar Þór Jóhannsson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII* (bls. 275–286). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Blaðamannafélag Íslands (2005) „Íþróttablaðamennskan að bregðast!“ Sótt 3. september 2012 á: http://press.is/static/files/gamalt/sport_press_survey_english.pdf
- Blaðamannafélag Íslands (2012) „Prentmiðla skyldi ekki vanmeta“. Sótt 5. september 2012 á: http://press.is/news/prentmidla_a_ekki_ad_vanmeta/
- Cole, J. (2005). „The rise of The Free Press. Giveaway papers are booming. Can traditional outlets- and good journalism-survive?“ *Time International* (Europe) 165(21). Sótt 15. júlí 2011 á slóðina: <http://www.time.com/time/magazine/article/0,9171,1061440,00.html>
- Dahlgren, P. (2009) „The troubling evolution of journalism“. Í Zelizer Barbie (ritstj) *The Changing Faces of Journalism, Tabloidization, Technology and Truthiness* Routledge, London/New York.

- Engblom Lars-Áke, Ragnar Karlsson & Þorbjörn Broddason (2008) „The Competition Between Free and Subscribed Papers in Scandinavia – With Special Focus on Iceland.” Ráðstefnu-fyrirlestur fyrir: The Nordic Media in Theory and Practice Conference UCL, London 7.–8. nóvember 2008.
- Hallin D.C. & Mancini P. (2004) *Comparing Media Systems. Three Models of Media and Politics* Cambridge University Press.
- Hallin, D.C. (2008) „Neoliberalism, social movements and change in media systems in the late twentieth century”. Í David Hesmondha og Jason Toynbee (ritstj.) *The Media and Social Theory* Routledge, New York.
- Itule B. D. & Anderson A. D. (2003) *News Writing and reporting for today's media*, 6th ed. McGraw Hill.
- Krumsvik, A. H. (2012) *Medienes privilegier, en inføring i mediepolitikk* Kristiansand, IJ- forlaget.
- McAthy, Rachel (2012) „World Press Trends: 2.2% of newspaper ad revenues from digital” Journalism.uk.com sótt 5. sept 2012 á slóðina:
<http://www.journalism.co.uk/news/world-press-trends-2-2-of-newspaper-ad-revenues-from-digital/s2/a550241/>
- McChesney R. W. & Pickard V. (2011) (ritstj.) *Will The Last Reporter Please Turn Out The Lights? The Collapse of Journalism and What Can Be Done To Fix It* The New Press, New York.
- McCombs M., Holbert L., Kiouisis S., & Wanta W. (2011) *The News and Public Opinion: Media Effects on Civic Life* Cambridge UK, Polity press.
- McManus, J.H. (2009) „The Commercialization of News”. Í Whal-Jorgensen, K. og Hanitzsch, T. (Ritstj.) *The Handbook of journalism Studies*, Routledge, New York.
- Menntamálaráðuneytið (2005) *Skýrsla nefndar menntamálaráðbera um íslenska fjölmiðla*, Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Modernus (2012) „Samræmd vefmæling“. Sótt 20. september 2012 á slóðina:
http://modernus.is/index.php?page=coordinated_webmeasure_landing
- Picard, R. (2004) „Commercialism and Newspaper Quality“. *Newspaper Research Journal*, 25(2), bls. 54–65.
- Ragnar Karlsson (2005) „Þróun fjölmiðlamarkaðarins”. Birt í *Skýrsla nefndar menntamálaráðbera um íslenska fjölmiðla*, Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Ragnar Karlsson (2010) „Þróun fjölmiðlamarkaðarins”. Birt sem Fylgiskjal I með Frumvarpi til laga um fjölmiðla, lagt fyrir Alþingi á 138. Löggiáfarþingi 2009–2010 (þingskj. 740, 423. mál), s. 202–372.
- Sparks C. (2000) “Introduction: The Panic over Tabloid News”. Í Sparks C. & Tullich J. (ritstj.) *Tabloid tales: Global debates over Media Standards*. Rowman & Littlefield Pub. Inc. Oxford.
- White, A. (2008). *To Tell You the Truth* Belgium, IFJ.
- Wilkins, L. (2006) „The Normative Challenge: Balancing the Long-Term Social Capital Created by News with the Demand for Short-Term Profit”. Í Lucy Küng (ritstj.). *Leadership in the Media Industry Changing Contexts, Emerging Challenges*, JIBS Research Report Series No. 2006-1, Jönköping.
- Þorbjörn Broddason (2004) *Ritlist, prentlist, nýmiðlar* Háskólaútgáfan.